

Til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála Þingskjal 539 — 389. mál. á 148. löggjafarþingi 2017–2018.

Eftirfarandi eru athugasemdir Isavia ohf. við frumvarpið.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að gerð sé aðgerðaáætlun fyrir fyrsta fimm ára tímabil hvernar samgönguáætlunar og að í aðgerðaáætluninni skuli vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem heyra undir ráðuneytið. Ekki er skýrt frekar hvað er átt við með „fyrirtæki sem heyri undir ráðuneytið“.

Ljóst er að hlutafélög á sviði samgöngumála eru sjálfstæð og stjórnskipulega óháð stjórnvöldum. Í tilfalli Isavia heyrir það undir fjármálaráðuneytið sem fer með eignarhald félagsins og skipar í stjórn þess, það hefur sjálfstæðan fjárhag, óbundin útgjaldaramma ríkissjóðs eða áætlunargerð hans. Um rekstur innanlandsflugvallar hefur félagið síðan gert sérstakan þjónustusamning við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Þeir flugvellir sem eru hluti af samgönguáætlun eru svokallaðir flugvellir í grunnneti og flugvellir utan grunnnets. Keflavíkurflugvöllur stendur síðan utan samgönguáætlunar enda er rekstur, viðhald og uppbygging Keflavíkurflugvallar á efnahagsreikningi Isavia og allar ákvarðanir sem snúa að fyrrgreindum þáttum, eingöngu teknar á viðskiptalegum forsendum og því ekki hluti af fyrirhugaðri aðgerðaáætlun samgönguáætlunar. Þá eru ákvarðanir um uppbyggingaráform á Keflavíkurflugvelli teknar í samráði við notendur í samræmi við ákvæði loftferðalaga enda greiða þeir fyrir uppbyggingu og þjónustu á flugvöllinum. Þannig gætu ákvarðanir um uppbyggingu Keflavíkurflugvallar breyst ef notendur komast að annarri niðurstöðu en búið er að ákveða í fimm ára áætluninni.

Enginn af þeim flugvöllum sem talinn er upp í samgönguáætlun er í eigu Isavia, enda kemur félagið eingöngu að rekstri þeirra samkvæmt áður nefndum þjónustusamningi við samgönguráðuneytið. Þá er enginn af þeim flugvöllum sem talinn er upp í samgönguáætlun rekinn á viðskiptalegum forsendum og þar að auki er samgönguráðuneytið ábyrgt að fullu leyti fyrir fjáröflun innanlandsflugvallakerfisins. Isavia fer ekki með ákvörðunarvald um fjármögnun rekstrar, viðhalds og uppbyggingu innanlandsflugvallakerfisins enda með öllu óeðlilegt og gegn grunnhugmyndum um úthlutun opinberra fjármuna að fjárveitingavald Alþingis liggi hjá hlutafélagi, hvort sem hlutafélagið er í einkaeigu, undir blönduðu eignarhaldi eða í opinberri eigu. Isavia getur því ekki verið beinn aðili að umræddri aðgerðaráætlun samgönguáætlunar. Hins vegar er mikilvægt, í ljósi hlutverks félagsins í þjónustusamningi við samgönguráðuneytið, að fyrirtækið verði hagsmunaaðili sem samráð verður haft við þegar kemur að gerð aðgerðaráætlunar. Jafnvel má ganga svo langt að skilgreina Isavia sem lykilaðila við gerð aðgerðaráætlunar fyrir innanlandsflugvallakerfið, en slíkt verður alltaf útfærsluatriði, t.d. sem hluti af fyrrgreindum þjónustusamningi, en getur ekki verið lögbundið nema með almennum hætti.

Í 4. gr. frumvarpsins er jafnframt ráðgert að forstjóri Isavia sitji í samgönguráði. Félagið telur að óeðlilegt sé að skilgreina í lögum forstjóra hlutafélagsins Isavia sem fulltrúa í samgönguráði frekar en t.d. aðra forstjóra hlutafélaga á sviði samgöngumála. Lögbundið hlutverk forstjóra Isavia er að gæta hagsmuna hlutafélagsins sem er í eigu íslenska ríkisins. Ekki er eðlilegt að lögbinda að forstjóri hlutafélagsins sitji í ráðinu frekar en forstjóra annarra hlutafélaga með starfsemi á sviði samgöngumála. Rétt er að taka fram að hingað til hefur forstjóra Isavia verið boðið að sitja fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúa og hefur það fyrirkomulag reynst ágætlega. Í ákvæðinu er ráðgert samráð við hagsmunaaðila og eðlilegt að forstjóri félagsins komi að gerð samgönguáætlunar sem hagsmunaaðili og hafi mótandi áhrif á hana með sérþekkingu og tillögugerð með almennum hætti.

Félagið er tilbúð til að hitta fulltrúa Umhverfis- og samgöngunefndar og kynna sjónarmið sín frekar ef óskað er.

F.h. Isavia ohf.

Með kveðju / Best regards,

Karl Alvarsson

yfirlögfræðingur hdl / General Counsel, LLM

Sími / Tel: +354 4244000

Beint / Direct: +354 4244504



karl.alvarsson@isavia.is

www.isavia.is